Fjarðabyggð
*Fjármálasvið*

Dagsetning: 18.06.2020
Málsnúmer: 2006094/2.10.2

**Til bæjarráðs**

# Um fasteignamat í Fjarðabyggð árið 2021

Þjóðskrá Íslands hefur birt almennar upplýsingar um væntanlegt fasteignamat á árinu 2021. Samkvæmt birtum upplýsingum hækkar fasteignamat allra fasteigna á landinu um 2,1% á milli áranna 2020 og 2021, mismunandi eftir tegundum, matssvæðum og flokkum. Fasteignamat íbúðar hækka um 2,4% á höfuðborgarsvæðinu en 2,1% á landsbyggðinni og 2,3% á landinu öllu. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis um 1,6% á höfuðborgarsvæðinu en 1,9% á landsbyggðinni en 1,7% á landinu öllu. Fasteignamat allra fasteigna í Fjarðabyggð hækkar að meðaltali um 2,1%. Samsvarandi hækkun milli áranna 2019 og 2020 var 6,5% í Fjarðabyggð. .

Hér er mynd/tafla er lýsir fasteignamatsbreytingum einstakra tegunda eigna. Fasteignamat tekur mismunandi breytingum eftir tegundum eigna.

| Tegund eigna | Fjöldi | Mat 2020 | Mat 2021 | % br. |
|---|---|---|---|---|
| 1 Íbúðarhúsnæði | 1.976 | 39.797.957 | 41.332.792 | 3,9% |
| Þar af Sérbýli | 1.544 | 33.075.437 | 34.726.351 | 5,0% |
| Þar af Fjölbýli | 432 | 6.722.520 | 6.606.441 | -1,7% |
| 2 Frístundabyggð | 28 | 242.290 | 246.385 | 1,7% |
| 3 Atvinnueignir | 371 | 116.001.529 | 117.729.866 | 1,5% |
| 4 Stofnanir og samkomustadir | 80 | 6.326.270 | 6.454.627 | 2,0% |
| 5 Jardir | 243 | 1.895.457 | 1.921.268 | 1,4% |
| 6 Óbyggðar lóðir og lönd | 328 | 621.274 | 641.312 | 3,2% |
| 7 Aðrar eignir | 136 | 551.554 | 565.793 | 2,6% |
| Samtals | 3.162 | 165.436.331 | 168.892.043 | 2,1% |

Við skoðun á áætlun um álagningu fasteignagjalda í Fjarðabyggð munu fasteignagjaldatekjur Fjarðabyggðar taka u.þ.b. eftirfarandi breytingum að öðru óbreyttu.

| Tegund gjalda | % breyting |
|---|---|
| Undanþegið fasteignaskatti | |
| Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði | 3,9% |
| Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði | 2,1% |
| Fasteignaskattur opinbert húsnæði | 2,4% |
| **Samtals fasteignaskattur** | **2,8%** |
| | |
| Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis | 3,9% |
| Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis | 2,2% |
| Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis | 1,4% |
| **Samtals lóðarleiga** | **2,7%** |
| | |
| Fráveitugjald | 3,3% |
| Vatnsgjald | 3,3% |
| Sorphreinsunar- og eyðingargjald | Samkv. ákvörðun |

Fasteignamatsbreytingar íbúðarhúsnæðis eftir matssvæðum innan Fjarðabyggðar er breytilegt en fasteignamat á íbúðarhúsnæði breytist mjög mismunandi eftir byggðakjörnum og tegundum húsnæðis. Hækkar um 8,9% - 12% á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað en lækkar um 1,2% - 9,8% á Reyðarfirði. Matið breytist töluvert mismunandi á milli eignategunda og hverfa og þess vegna breytast tengdu gjöldin, fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitu- og vatnsgjald mismunandi á sama hátt að óbreyttri álagningarprósentu. Meðaltals breytingin á íbúðarhúsnæði í Fjarðabyggð er 3,9%.

| Nr | Matssvæði Íbúðarhúsnæðis | % breyting fyrir sérbýli | % breyting fyrir fjölbýli |
|---|---|---|---|
| 7130 | Neskaupstaður | 9,0% | 8,9% |
| 7140 | Eskifjörður | 5,1% | -2,2% |
| 7150 | Reyðarfjörður | -1,3% | -9,8% |
| 7160 | Fáskrúðsfjörður | 9,0% | 12,0% |
| 7170 | Stöðvarfjörður | 2,1% | 0,0% |
| 7180 | Breiðdalsvík | 2,1% | 2,0% |

Matið breytist töluvert mismunandi á milli eignategunda og hverfa og þess vegna breytast tengdu gjöldin, fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitu- og vatnsgjald mismunandi á sama hátt að óbreyttri álagningarprósentu. Efalítið eru til eignir sem eru bæði undir og yfir þessum matsbreytingum í einstökum hverfum og flokkum.

Hækkunin á atvinnuhúsnæði varð um nálægt 9% á milli áranna 2019 og 2020 en breytingin á milli áranna 2020 og 2021 er samkvæmt töflunni hér að ofan um 1,5% hækkun. Hér að neðan er tafla sem lýsir hvernig breyting mats á atvinnueignum skiptist milli byggðakjarna og tegundarflokka fasteigna. Breytingin er allt frá lækkun um 0,7% til hækkunar um 0,5% að öðru óbreyttu og á það við um öll gjöldin þ.e. fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitu- og vatnsgjald. Á sama hátt eru hér einungis tölur um meðaltal og breytileiki milli hverfa eða tegunda eigna getur verið nokkur.

| Nr | Matssvæði Atvinnueigna | % breyting fyrir skrifstofur | % breyting fyrir verslun | % breyting fyrir iðnaður |
|---|---|---|---|---|
| 7130 | Neskaupstaður | 0,0% | -0,5% | 0,2% |
| 7140 | Eskifjörður | 0,0% | -0,3% | 0,1% |
| 7150 | Reyðarfjörður | -0,1% | -0,2% | -0,2% |
| 7160 | Fáskrúðsfjörður | 0,0% | -0,2% | 0,1% |
| 7170 | Stöðvarfjörður | -0,7% | -0,1% | -0,2% |
| 7180 | Breiðdalsvík | 0,0% | -0,3% | 0,5% |

Ákvörðun um sorphreinsunar- og eyðingargjald er óháð breytingum á fasteignamati.

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Snorri Styrkársson

Fjármálastjóri